

Ár 2015, fimmtudaginn 17. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun bankastjóra Landsbankans hf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 20. nóvember 2014 frá bankaráði Landsbankans hf. þar sem óskað er eftir endurskoðun launakjara bankastjórans. Í bréfinu segir að laun bankastjórans séu ekki í samræmi við ábyrgð, starfsskyldur, vinnuframlag og árangur í starfi. Þá séu laun hans ekki í samræmi við laun þeirra sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Launakjörin séu því ekki í samræmi við 1. mgr. 8. gr og 2. og 3. mgr. 9. gr. laga um kjararáð. Í áður nefndu bréfi kemur fram að Landsbankinn hf. sé stærsta fjármálafyrirtæki landsins með margþætta og flókna starfsemi. Lög og reglur geri miklar kröfur til hæfni bankastjóra og leggi á hann ábyrgð og starfsskyldur sem gangi lengra en almennt gerist um hlutafélög. Þá segir að í núverandi umbreytinga- og uppbyggingarferli hafi auk þess komið til sérstök krefjandi verkefni sem leitt hafi til óvenjulega mikils starfsálags. Raunverulegur vinnutími bankastjóra utan dagvinnu hafi að jafnaði verið á bilinu 100-120 klukkustundir á mánuði og bendi allt til að svo verði áfram. Í bréfinu kemur fram að bankaráð líti svo á að bankastjórinn hafi náð framúrskarandi árangri í stjórnun og rekstri bankans. Engin rök standi til þess að kjararáð ákvarði bankastjóra Landsbankans hf. lakari laun og starfskjör en þau sem hafi verið ákvörðuð fyrir seðlabankastjóra eða forstjóra Landsvirkjunar. Segir í bréfinu að ábyrgð og starfsskyldur bankastjórans séu mjög víðfeðm samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum auk þess sem stærð og umfang Landsbankans hf. sé mikið á alla hefðbundna efnahags- og rekstrarmælikvarða. Starfsemi Landsbankans hf. nái til margra sviða og sé afar flókin. Bankinn sé með mestu markaðshlutdeild fjármálafyrirtækja hér á landi, um þriðjungur þjóðarinnar og innlendra fyrirtækja séu í viðskiptum við bankann og álag mikið. Þá segir í bréfinu að Landsbankinn hf. sé viðskiptabanki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en það sé sú tegund fjármálafyrirtækja sem hafi víðtækastar starfsheimildir samkvæmt þeim lögum. Sömu sérákvæði gildi um ábyrgð og starfsskyldur bankastjóra Landsbankans hf. og gildi um bankastjóra annarra viðskiptabanka. Landsbankinn hf. sé töluvert stærri en banki hf. og Íslandsbanki hf. hvað varði efnahag og eigið fé og sama gildi um rekstrartekjur. Þá sé markaðshlutdeild og viðskiptamannafjöldi á hefðbundnum viðskiptabankamarkaði mestur hjá Landsbankanum hf. af öllum viðskiptabönkunum. Bankastjórar annarra viðskiptabanka geti því talist sambærilegir bankastjóra Landsbankans hf. með tilliti til starfa og ábyrgðar í skilningi 1. mgr. 8. gr. laga um kjararáð. Kjararáði beri því skylda til að gæta þess að laun bankastjóra Landsbankans hf. séu í samræmi við laun annarra bankastjóra viðskiptabanka hér á landi. Einnig er vakin athygli á að 8. gr. laga um kjararáð komi ekki í veg fyrir að heildarlaun bankastjórans verði ákveðin hærri en föst laun forsætisráðherra. Krafist er verulegrar hækkunar á launum bankastjórans til framtíðar. Jafnframt er þess krafist að kjararáð ákveði sérstaka leiðréttingu á launum hans frá og með 1. júní 2010 til þess tíma sem ný launaákvörðun í samræmi við kröfur bankaráðsins taki gildi.

Með bréfi dagsettu 5. desember 2014 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Einnig var Bankasýsla ríkisins með bréfi dagsettu 11. desember 2014 gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið. Þá var bankastjóra Landsbankans hf. með bréfi dagsettu 5. desember 2014 gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 18. desember 2014 segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Landsbankans hf. hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör bankastjórans þann 29. júní 2013. Ekkert sé getið um slíkar breytingar í bréfi bankaráðsins til kjararáðs. Þá er í bréfinu vísað til 8. gr. laga um kjararáð og þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um ráðið á árinu 2009. Telur fjármála- og efnahagsráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör bankastjórans í ljósi þeirra sjónarmiða sem fram koma í bréfi bankaráðs Landsbankans hf.

Í svari Bankasýslu ríkisins dagsettu 30. desember 2014 segir að Bankasýsla ríkisins fari með eignarhlut ríkissjóðs í bankanum samkvæmt lögum nr. 88/2009 um stofnunina, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Í eigendastefnu ríkisins frá 1. september 2009 komi meðal annars fram að kjararáð ákveði laun forstjóra fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi meira en helmingshlut í, að launafyrirkomulag skuli vera gagnsætt og sanngjarnt og að opinber fjármálafyrirtæki skuli tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum, þannig að laun stjórnenda standist samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyriræki starfi á, en séu ekki leiðandi. Fram kemur í bréfinu að sams konar ákvæði sé að finna í 4. gr. starfskjarastefnu Landsbankans hf. Þá segir í bréfinu að Bankasýsla ríkisins hafi lengi verið þeirrar skoðunar að kjör bankastjóra Landsbankans hf. ættu að vera ákveðin af stjórn bankans en ekki kjararáði. Í ljósi framangreinds telur Bankasýsla ríkisins ekki tilefni til að gera frekari athugasemdir við laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf. en bendir þó á að samkvæmt ársreikningi bankans 2013 hafi bankastjóri fengið 4,2 milljónir króna í hlutabréfatengdar greiðslur til viðbótar launum þeim sem ákvörðuð hafi verið af kjararáði.

Með bréfi dagsettu 7. janúar 2015 fékk bankastjóri Landsbankans hf. send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og Bankasýslu ríkisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi bankastjórans dagsettu 21. janúar 2015 er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi bankaráðs Landsbankans hf. til kjararáðs.

Bankaráð Landsbankans hf. kom á fund kjararáðs þann 3. júní 2015 og fylgdi eftir bréfi sínu til kjararáðs. Þá kom bankastjóri Landsbankans hf. á fund kjararáðs þann 8. júní 2015 og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum.

### III.

Landsbankinn hf. var stofnaður í október 2008. Eigendur bankans nú eru ríkissjóður Íslands með 98,2% eignarhlut og aðrir hluthafar 1,8%. Bankinn tók yfir innlendar eignir Landsbanka Íslands hf. til þess að tryggja eðlilega bankastarfsemi og öryggi innstæðna á Íslandi. Bankinn rekur útibú víða um landið. Í samþykktum félagsins segir að nafn þess sé Landsbankinn hf. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi sem samræmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni.

Bankaráð skal skipað sjö mönnum og tveimur til vara og eru þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og er formaður kosinn sérstaklega. Bankaráð ræður framkvæmdastjóra sem nefnist bankastjóri. Bankastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög kveða á um á hverjum tíma. Hann hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri og hefur heimild til að skuldbinda félagið. Bankastjóri kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Bankastjóri skal bera undir bankaráð þær ráðstafanir sem talist geta óvenjulegar og verulegar. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var hópur framkvæmdastjóra hlutafélaga og dótturfélaga þeirra færður undir úrskurðarvald kjararáðs en sá hópur hafði áður samið um kjör sín við stjórnir viðkomandi fyrirtækja eða stofnana. Með sömu lögum var einnig bætt við áður nefndu ákvæði um að ráðið skuli við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Launakjör þessa hóps voru að jafnaði mun hærri en laun þess hóps sem fyrir heyrði undir kjararáð. Við flutning hans til kjararáðs voru laun hans lækkuð til muna og heildarlaun ákveðin með því að ákvarða mánaðarlaun og einingar eins og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Engu að síður þurfti að gæta meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun þeirra lækkuðu óhóflega og kom það fram við ákvörðun einingafjölda.

Kjararáð ákvað bankastjóra Landsbankans hf. síðast laun þann 29. júní 2013. Frá þeim tíma hafa laun hans breyst í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stærðar Landsbankans hf. og ábyrgðar hans á íslenskum fjármálamarkaði telur kjararáð tilefni til að gera breytingu á heildarlaunum bankastjórans, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun bankastjóra Landsbankans hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2015 skulu mánaðarlaun bankastjóra Landsbankans hf. vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 1.056.291 króna. Að auki skal greiða honum 100 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 8.934 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör bankastjóra Landsbankans hf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber